

Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](#) FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246



Sveitarstjóri Múlaþings



Múlaþing

Sveitarfélagið Múlaþing óskar eftir að ráða sveitarstjóra. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn að stýra starfsemi sveitarfélagsins og áframhaldandi uppbyggingu og þróun þess í samstarfi við sveitarstjórn. Gert er ráð fyrir því að nýr sveitarstjóri geti hafið störf um næstu áramót.

■ Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og ber ábyrgð á daglegum rekstri þess
- Ábyrgð á undirbúningi og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda ásamt framfylgd ákvarðana sveitarstjórnar og byggðarráðs
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins ásamt mannauðsmálum. Ábyrgð á að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum og samþykktum
- Talsmaður sveitarstjórnar og gætir hagsmunu sveitarfélagsins út á við, vinnur að framfaramálum og leiðir uppbyggingu og þróun í sveitarfélagini
- Upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, fyrirtæki, íbúa og aðra hagsmunaaðila
- Vinnur að stefnu og framtíðarsýn sveitarstjórnar í málefnum sveitarfélagsins
- Ábyrgð á verkefnum hafnarstjóra

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Farsael reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er skilyrði og reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á ensku og íslensku

Múlaþing varð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi; Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Við sameiningu í lok árs 2020 varð til eitt af viðfeðmustu sveitarfélögum landsins, um 10.671 ferkilómetrar að flatarmáli sem er rúm 10% af flatarmáli Íslands. Fjölbreytileiki svæðisins er því mikill, allt frá sjó og inn til jöklar.

Sameining hefur haft fjölmarga jákvæða kosti í för með sér. Stjórnsýslan er öflugri, rekstur hagkvæmari og þjónusta betri, og um leið er byggðakjörnum áfram tryggt ákvörðunarvald í mikilvægum málum sem snerta nærsamfélagið með heimastjórnum á hverjum stað. Stærra og fjölbreyttara sveitarfélag hefur einnig í för með sér meiri grósku í mannlifi og fleiri tækifæri í atvinnulífi sem gerir sveitarfélagið eftirsóknarvert hvað varðar búsetu, fjárfestingar og heimsóknir ferðamanna.

Umsóknarfrestur er til og með **8. október 2024**. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og með henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Sandholt (sigridur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Embætti varaseðlabankastjóra peningastefnu laust til umsóknar

Forsætisráðherra skipar varaseðlabankastjóra peningastefnu Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands. Aðeins er hægt að skipa sama einstakling varaseðlabankastjóra tvívar sinnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

Varaseðlabankastjóri peningastefnu leiðir málefni sem varða peningastefnu í Seðlabanka Íslands. Hann situr í peningastefnunefnd og fjármálastöðugleikanefnd og þarf því að búa yfir þekkingu, hæfni og reynslu á sviðum efnahagsmála, peningamála og fjármálastarfsemi.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum auk þess að uppfylla önnur skilyrði samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands og 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Auk viðtækrar reynslu og þekkingar á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum verða eftirfarandi hæfnisviðmið lögð til grundvallar:

- Viðtæk þekking á fjármálakerfinu og samspili þess við raunhagkerfið
- Viðtæk þekking á hagfræðigreiningum og spágerð
- Þekking á fjármálastöðugleika
- Færni og geta til að beita áhrifum sínum og miðla þekkingu sinni innan Seðlabankans, innan fastanefnda bankans og í almennri umræðu um efnahags- og peningamál
- Færni til að tjá sig af öryggi og trúverðugleika í fjlömiðlum, fyrir þingnefndum, við markaðsaðila, aðila vinnumarkaðarins og almenning
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að byggja upp traust og góð sambönd við samstarfsmenn og haghafa
- Reynsla af stjórnun og hæfileikar á því sviði
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi
- Færni til tjá sig skipulega í ræðu og riti bæði á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar um starfið

Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvæðum laga um launa- og starfskjör varaseðlabankastjóra, sbr. 5. gr. laga nr. 92/2019.

Forsætisráðherra mun skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um embættið. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin mun starfa eftir reglum um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra, nr. 1047/2024.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu, heimilisfangi og starfstitli umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun, starfsferil og reynslu, auk upplýsinga um umsagnaraðila. Umsókn skal senda á netfangið for@for.is.

Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2024. Nöfn umsækjenda verða birt á heimasíðu ráðuneytisins að fresti loknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Benedikt Árnason,
ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins,
benedikt.arnason@for.is

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

Framkvæmdastjóri háttsemiseftirlits



Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða öflugan leiðtoga í starf framkvæmdastjóra yfir háttsemiseftirliti. Framkvæmdastjóri sviðsins heyrir beint undir seðlabankastjóra í skipuriti bankans.

Svið háttsemiseftirlits (*e. conduct supervision*) er eitt af kjarnasviðum Seðlabanka Íslands og annað af tveimur fjármálaeftirlitssviðum bankans. Á sviði háttsemiseftirlits starfa fjórar deildir, lagalegt eftirlit, verðbréfamarkaðseftirlit, vettvangsathuganir og viðskiptaháttaeftirlit.

Sviðið tekur þátt í stefnumótun í málefnum sem heyra undir það og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi. Sviðið annast einnig lögfræðiráðgjöf tengda fjármálaeftirliti, tekur stjórnvaldsákvarðanir og undirbýr mál fyrir fjármálaeftirlitsnefnd. Sviðið hefur eftirlit með verðbréfamarkaði, viðskiptaháttum og fjárfesta- og neytendavernd á fjármálamarkaði auk eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka. Þá annast sviðið vettvangsathuganir sem framkvæmdar eru á starfsstöð eftirlitsskyldra aðila.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stýrir og leiðir starfsemi háttsemiseftirlits
- Mótar stefnu og framtíðarsýn sviðsins að alþjóðlegri fyrirmynni í samræmi við stefnu og markmið bankans
- Ber ábyrgð á þróun og innleiðingu aðferðafræði við áhættumiðað eftirlit tengt verkefnum sviðsins
- Fer með lögfræðiráðgjöf í fjármálaeftirliti
- Undirbýr mál þ. á m. viðurlagaákvarðanir sem fara fyrir fjármálaeftirlitsnefnd
- Ber ábyrgð á upplýsingagjöf tengdri verkefnum sviðsins til annarra starfseininga og nefnda bankans
- Byggir upp sterka liðsheild stjórnenda og sérfræðinga á sviðinu
- Tryggir traust samstarf við önnur svið og deildir innan bankans
- Ber ábyrgð á samskiptum sviðsins við eftirlitsskylda og opinbera aðila
- Tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi evrópskra eftirlitsstofnana ásamt samstarfi við fjármálaeftirlit annarra ríkja

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Sterkir leiðtogaþæfileikar og stjórnunarreynsla
- Yfirgripsmikil þekking á fjármálamarkaði
- Góð þekking á stjórnsýslurétti og löggjöf á fjármálamarkaði
- Hæfni til að tjá sig og miðla upplýsingum í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og árangursríkri teymisvinnu
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi



Sótt er um starfið
á hagvangur.is

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálaufyrirtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veita Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is, og Íris Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannaúðs og menningar, iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með **3. október nk.**

Ertu klár fyrir framtíðina?



Verkefnastjóri í upplýsingatækni

Vilt þú taka þátt í að leiða stafræna umbreytingu Landsnets og þróa næstu kynslóð stafrænna innviða til að tryggja orkuskiptin? Ef svo er, þá er þetta starf fyrir þig!

Við hjá Landsneti erum á fleygiferð inn í spennandi framtíð sem í okkar huga er ljós. Okkar hlutverk er að byggja upp flutningskerfi sem mætir kröfum samtímans og er á sama tíma framsýnt og tilbúið fyrir allt sem fylgir framtíðinni. Upplýsingatækni gegnir þar lykilhlutverki og fram undan eru krefjandi og skemmtileg verkefni með innlendum og erlendum samstarfsaðilum.

Hjá okkur starfar frábær hópur af kláru og skemmtilegu starfsfólki sem nú leitar að nýjum skemmtilegum og klárum samstarfsfélaga sem langar ekkert meira en að taka þátt í að þróa áfram upplýsingatæknina á bak við flutningskerfið sem heldur ljósunum á landinu logandi.

Ef þú brennur fyrir að leiða áfram stafrænar umbreytingar og vilt hafa áhrif, þá er þetta starf mögulega eitthvað fyrir þig! Við bjóðum upp á spennandi vinnustað, góða vinnustaðamenningu, dásamlegt mötuneyti, líkamsræktaraðstöðu, sveigjanlegt vinnuumhverfi, velferðar- og starfsmenntunarstyrki, öflugt starfsmannafélag auk frábærra vinnufélaga – já og súpergott kaffi.

Heilstu verkefni

- Verkefnastjórnun og samskipti við samstarfsaðila vegna innleiðinga, sampættinga og breytinga á hugbúnaðarlausnum
- Þarfagreining, hönnun og þróun á stafrænum innviðum Landsnets
- Greining og tillögur að bættri virkni og öryggi
- Tryggja skjölun, gerð prófanalýsinga og verkferla

Hæfniskröfur

- Reynsla af verkefnastjórnun og stafrænum umbreytingum
- Reynsla af hugbúnaðarþróun og breytingastjórnun
- Reynsla af högun og sampættingu hugbúnaðarlausna
- Samskiptafærni og leiðtogaþæfni
- Öryggisvitund og öguð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 23. september 2024. Sótt er um störfin á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Þorleiksson, framkvæmdastjóri Upplýsingareindar og -tækni, johannes@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólk spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrumí.



Laust starf deildarstjóra fasteignaumsjónar á skrifstofu Alþingis

Skrifstofa Alþingis leitar að metnaðarfullum og áhugasönum einstaklingi í starf deildarstjóra fasteignaumsjónar á fjármála- og rekstrarsviði.

Við leitum að einstaklingi sem hefur reynslu af framkvæmdum og viðhaldi og er lipur í mannlegum samskiptum. Verkefnin eru krefjandi og fjölbreytt á lifandi og skemmtilegum vinnustað.

Umsóknarfrestur er til 23.09.2024.
Sjá nánar um starfið á heimasíðu Alþingis, Starfatorgi og Alfreð.



Frekari upplýsingar veitir:
Auður Elva Jónsdóttir, fjármála- og rekstrarstjóri 563-0500 audurj@althingi.is

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og eftirlit með rekstri og viðhald á fasteignum, húsbúnaði og lóðum Alþingis
- Áætlana- og samningagerð
- Kostnaðargreining framkvæmda á vegum þingsins
- Öflun tilboða ásamt samskiptum við verktaka og aðra hagsmunaaðila
- Samantekt og úrvinnsla tölfraðiupplýsinga
- Skipulag daglegra verkefna deildarinnar

Hæfniskröfur

- Menntun í byggingafræði eða sambærileg tæknimenntun á háskólastigi
- Iðnmenntun er kostur
- Þekking og reynsla á framkvæmdum og viðhaldi fasteigna og helstu kerfum þeirra
- Reynsla af kostnaðarútreikningum, áætlunar- og samningagerð
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Mikil færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til samstarfs
- Góð tölву- og tæknikunnáttu, þekking og reynsla á Revit og/eða AutoCAD kostur
- Góð íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti
- Reynsla og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur

FAGMENNSKA • VIRÐING • FRAMSÆKNI

Sérfræðingur í starfi með ungmennum og upplýsingamiðlun



UMBOÐSMAÐUR
BARN

Umboðsmaður barna leitar að öflugum og metnaðarfullum starfsmanni með þekkingu og brennandi áhuga á réttindum barna til starfa á skrifstofu embættisins. Starfið felst í því að halda utan um ungmannastarf embættisins, viðburði, heimasiðu og fræðsluefnir auk annarra verkefna. Um er að ræða lifandi og krefjandi starf í fjölbreyttu starfsumhverfi.

Embætti umboðsmanns barna starfar samkvæmt lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994. Embættið vinnur að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Embættið setur fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Umboðsmaður barna skal í störfum sínum leitast við að hafa virkt samráð við börn og hafa hóp barna sér til ráðgjafar um þau málefni sem snúa að börnum í íslensku samfélagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Eitt megin verkefni starfsmannsins er að hafa umsjón með starfi ráðgjafarhóps umboðsmanns barna og starfi Barna- og ungmannaráðs heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Starfið felst í að skipuleggja fundi hópanna og halda utan um starf þeirra. Starfsmaðurinn mun einnig halda utan um upplýsingagjöf á heimasiðu embættisins og samfélagsmiðum, aðstoða við skipulagningu viðburða eins og barnabings og taka þátt í kynningum á réttindum barna í skólum. Einnig tekur embættið þátt í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi sem líklegt er að starfsmaðurinn þurfi að hafa aðkomu að. Þá mun starfsmaðurinn einnig svara erindum sem berast til embættisins eins og þurfa þykir.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. nóvember og verður ráðið til eins árs með möguleika á framlengingu.

Starfshlutfall verður 100%. Í boði er fjölbreytt og líflegt starf þar sem reynir á mikla samskiptahæfni, skipulagshæfileika og sveigjanleika sem litið verður til við ráðningu.

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Viðtæk reynsla af starfi með börnum og ungmennum er skilyrði
- Þekking á réttindum barna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er skilyrði
- Reynsla og innsýn í stöðu barna í íslensku samfélagi og fagleg þekking á málaflokknum er kostur
- Samskipta- og miðlunarfærni, frumkvæði og skapandi hugsun
- Góð tolvukunnáttu og staðgóð þekking og færni í notkun samfélagsmiðla
- Skipulagsfærni, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnáttu og færni til að tjá sig í ræðu og riti. Kunnáttu í norðurlandamáli er kostur
- Hreint sakavottorð

Fulltrúar barna munu vera umboðsmanni barna til ráðgjafar við ráðningu.

Frekari upplýsingar um starfið

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá og verður öllum umsóknum svarað. Umsóknarfrestur er til og með 10. október n.k. Umboðsmaður barna hvetur alla til að sækja um, óháð kyni. Nánari upplýsingar á skrifstofu umboðsmanns barna í síma 552-8999 eða ub@barn.is

Nánari upplýsingar veitir

Hafdís Una Guðnýjardóttir, hafdis.una.gudnyjardottir@barn.is

Gæðastjóri



Við hjá sjávarliftæknifyrtækini Primex ehf leitum að öflugum gæðastjóra í teymið okkar.

Starf gæðastjóra tilheyrir framleiðslusviði Primex, starfsstöð er í húskynnum félagsins á Siglufirði.

Markmið Primex er öflug gæðastefna með áherslu á sjálfbærni og umhverfismál, unnið er eftir vottuðum gæðakerfum.

Gæðastjóri tekur virkan þátt í að greina tækifæri til úrbóta og hagræðingar í framleiðslu og rekstri auk þess að fylgja eftir verkefnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sér um daglegan rekstur og eftirlit með gæðakerfi
- Fylgir eftir gæðavottunum og stöðlum
- Sér um viðhald og útgáfu ferla og annarra skjala gæðahandbóka
- Sér um framkvæmd innri og ytri úttekta auk úrvinnslu
- Sinnir fræðslu til starfsmanna á sviði gæða- og framleiðslumála auk þess að efla umhverfisvitund
- Stýrir og kemur með tillögur að úrbótum á sviði gæðamála

- Vinnur úr upplýsingum og lykiltölum til að meta árangur og virkni gæðakerfis

Menntunar- og hæfniskröfur

- Þekking og reynsla af gæðamálum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, mikið frumkvæði og lausnamiðuð vinnubrögð
- Hæfni og reynsla af framsetningu efnis og miðlun þess
- Jákvætt viðhorf, þjónustulund og lipurð í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnáttá í tölöu og rituðu máli
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi og þekking á umhverfismálum

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir áhuga og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Upplýsingar veitir Anna María yfirmaður tækni- og gæðamála í síma 847 3237 og umsóknir sendist til: anna@primex.is.

Primex ehf. er sjávarliftæknifyrtæki sem er leiðandi í heiminum í framleiðslu á hágæða kitósani, náttúrulegum lífvirkum trefjum. Framleiðsla Primex er sjálfbær og er hráefnið rækjuskel sem áður var úrgangur. Markmið Primex er að stunda vísindalega nýsköpun sem miðar að því að bæta líf manna og dýra. Primex er handhafi Nýsköpunarverðlauna Íslands.

HERJÓLFUR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórn Herjólfs OFH. auglýsir starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með stjórnun og rekstri félagsins í samvinnu við stjórn Herjólfs OFH.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun og færni sem nýtist í starfi.
- Reynsla af framkvæmdastjórn og rekstri æskileg.
- Leiðtoga og samskiptahæfni, jákvæðni og lipurð í mannegum samskiptum.
- Góð íslensku og ensku kunnáttá og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lausnamiðuð hugsun.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og rekstur félagsins.
- Ábyrgð á fjármálum, áætlunum og eftiryfigni.
- Stefnumótun og markmiðasetning í samráði við stjórn.
- Samskipti og samstarf við hagsmunaaðila.

Nánari upplýsingar veitir Páll Scheving Ingvarsson stjórnarformaður, í síma 8920225 eða á netfanginu stjorn@herjolfur.is. Umsókn ásamt kynningarbréfi og starfsferilskrá skal skilað á netfangið stjorn@herjolfur.is og merkja "Framkvæmdastjóri Herjólfs OFH".

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 25.september 2024.

Stjórn Herjólfs



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu.

Á HSS eru þrjú svíð: heilsugæslusvið, sjúkra- svíð og hjúkrunarsvið. Framundan er viðtæk uppbygging á stofnuninni, endurskoðun á þjónustuferlinum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðis- stefnu til ársins 2030.

Viltu slást í hópinn og taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar?

Leitað er eftir áhugasönum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar. Á HSS er lögð áhersla á góða samvinnu, stuttar boðleidir og góðan starfsanda.

Um er að ræða eftifarandi störf:

- Hjúkrunarfæðingar á heilsugæslu, slysa- og bráðamóttöku, sjúkra- og hjúkrunardeild
- Lifeindafræðingar
- Ljósmóðir
- Málastjóri í geðheilsuteymi
- Sjúkraliðar á sjúkra- og hjúkrunardeild og rannsókn

Kynntu þér málið hér: www.hss.is/laus-storf



Atvinnublaðið

Er atvinnu- auglýsingin þín á besta stað?

Sendu pöntun á atvinna@mbl.is
eða hafðu samband
í síma **569 1100**

Allar auglýsingar
birtast í Morgun-
blaðinu, á mbl.is og
á finna.is

Atvinnublaðið



Atvinnublað
Morgunblaðsins
kemur út alla
fimmtudaga og
laugardaga

Morgunblaðið mbl.is FINNA Q

Við erum í liði með Póstdreifingu

8 vikna verkefni hjá Póstdreifingu er
frábær fjárlunarleið fyrir þitt íþróttalið.

Krakkarnir bera út einu sinni í viku og hvert skipti
tekur yfirleitt innan við klukkustund. Þannig efla
þau liðsheildina með samvinnu og fá góða
hreyfingu að auki.

Markviss, skemmtileg og árangursrík
leið til þess að safna peningum.

Hver hópur safnaði á bilinu
300.000-850.000
krónum á 8 vikum



Skráðu
þinn hóp



Póstdreifing

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

HEILSU- OG TÓMSTUNDAFULLTRÚI



Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða heilsu- og tómstundafulltrúa í 100% starf.

Leitað er eftir öflugum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf í samfélagi í miklum vexti.

Heilsu- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á tómstundamálum sveitarfélagsins og hefur forystu um verkefnið Heilsueflandi samfélag á vegum sveitarfélagsins. Hann annast einnig stefnumörkun, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun og þróunarstarf í heilsu- og tómstundatengdum verkefnum.

Helstu verkefni:

- Þróun, skipulag, stefnumótun og samræming heilsu- og tómstundamála sveitarfélagsins.
- Starfsmaður Ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, frístundaklúbbs og félagsmiðstöðvarinnar Zetor.
- Verkefnastjórn vegna heilsueflandi samfélags.
- Umsjón með starfi eldri borgara og samráðshópi um málefni eldri borgara.
- Samskipti, samráð og upplýsingagjöf er varða starf við börn, ungmenni og foreldra.
- Hefur umsjón með og samræmir forvarnarstarf, einkum er snýr að börnum og ungmennum.
- Hefur frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að efla tómstundamál og heilsueflandi verkefni í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Hæfniskröfur:


- Framúrskarandi samskipta-hæfni.
- Góðir leiðtogaþæfileikar.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af tómstundastarfi.
- Reynsla af starfi með börnum og/eða unglungum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Stundvísni og reglusemi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnáttu.
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga kostur.
- Hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 23. september 2024.

Sveitarfélagið hvetur öll kyn til þess að sækja um, frekari fyrirspurnir og umsóknir skal senda á sveitarstjori@gogg.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



Morgunblaðið
– med morgunkaffinu



Rað- og smáauglýsingar



Umhverfismat framkvæmda Ákvörðun um matsskyldu

Niðurdælingaholur fyrir förgun þéttivatns frá Kröflustöð

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is og Skipulagsgátt. Ákvörðunina má kæra til úrskúðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 21. október 2024.

Húsviðhald

Húsaviðgerðir www.husco.is

Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor
byggingapjónusta ehf.
S. 893 6994**

Sumarhús



Sumarhús – Heilsárhús Gestahús – Breytingar

- Framleidum stórgläsileg sumarhús/heilsárhús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur staekkun og breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
- Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málíð.
- Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Óska eftir

Óska eftir hákarli af frystískipum og líka ferskan hákarl

Upplýsingar í síma 897-9415
G. Sigurður Jóhannesson
hakarl@simnet.is

Ýmislegt

Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur

Siðumóla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðilseinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um nænni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun durlærra reynslusaga, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félagini starfar m.a.

Pórhallur Guðmundsson miðill.

- Einnig er möguleiki að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18
festa daga ársins

SRF.R.

Garðar

SLÁTTUVÉLAVÍÐGERÐIR & SMÁVÉLAVÍÐGERÐIR

Öll almenn jármismíði - Sláttuorff
Sláttutraktorar - Dælur -
Jarðvegsþjöppur Rafstöðvar -
Kerrusmiði - Sláttuorff
Keójusagir - Hekkliippur



Veiði

HEIMAVÍK



Sjóbleikjunet - Silunganet
Nýtt - Nýtt
Fyrirdráttarnætur
fyrir veiðiréttthafa
fangi fisk í klak og eldisfisk
Bólfæri - Netpokar o.fl.

Sendum um allt land

Þekking - Reynsla - Gæði

HEIMAVÍK EHF
heimavik.is
s. 892 8655

Bílar



11/2017 Chrysler Pacifica ekinn aðeins 85 þús.km. Plug in Hybrid svo þú keyrir á rafmagninu allt snattid og borgar bara 2 kr. á km. Svo er hann með 4x Isofix barnastólfestingum sem er sko sjaldséð. Algur draumur fyrir stóra fjölskyldu.

Okkar verð: 6.190.000,-



[www.sparibill.is](http://sparibill.is)
Hátúni 6 A – sími 577 3344
Opið kl. 10-18 virka daga

mbl.is